Nr. 1331/2015

# HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2015:

## I. Íslenskir ríkisborgarar.

**1. janúar 2015:**

Dýrfinna H. K. Sigurjónsdóttir ljósmóðir, Reykjavík, riddarakross fyrir störf á vettvangi heilsugæslu og umönnunar.

Herdís Storgaard hjúkrunarfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir brautryðjandastörf að slysaforvörnum barna.

Inga Þórsdóttir, prófessor og forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir framlag til vísinda og rannsókna.

Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari og fyrrverandi ráðuneytisstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir og fræðslu á sviði íslenskra jarðvísinda.

Páll Guðmundsson myndlistarmaður, Húsafelli, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar myndlistar.

Sigrún Huld Hrafnsdóttir, ólympíumethafi fatlaðra og myndlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir afrek og framgöngu á vettvangi íþrótta fatlaðra.

Sigurður Halldórsson héraðslæknir, Kópaskeri, riddarakross fyrir læknisþjónustu á landsbyggðinni.

Sigurður Hansen bóndi, Kringlumýri í Skagafirði, riddarakross fyrir framlag til kynningar á sögu og arfleifð Sturlungaaldar.

Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar menningar og bókmennta.

Þorvaldur Jóhannsson, fyrrverandi bæjarstjóri og skólastjóri, Seyðisfirði, riddarakross fyrir framlag til mennta og framfara í heimabyggð.

**17. júní 2015:**

Aron Björnsson yfirlæknir, Reykjavík, riddarakross fyrir störf á vettvangi skurðlækninga og heilbrigðismála.

Egill Ólafsson tónlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar og leiklistar.

Einar Jón Ólafsson kaupmaður, Akranesi, riddarakross fyrir framlag í þágu heimabyggðar.

Guðjón Friðriksson rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskra bókmennta og söguritunar.

Inga Þórunn Halldórsdóttir, fyrrverandi skólastjóri, Kópavogi, riddarakross fyrir störf á vettvangi menntunar, uppeldis og fjölmenningar.

Jóhann Sigurjónsson, sjávarlíffræðingur og forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Reykjavík, riddarakross fyrir forystu á vettvangi fiskirannsókna og hafvísinda.

Jón Egill Egilsson sendiherra, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar og kvikmyndagerðar.

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íþróttahreyfingar.

Margrét Lísa Steingrímsdóttir þroskaþjálfi, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu fatlaðra barna og velferðar.

Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Stefán Reynir Gíslason, tónlistarkennari og kórstjóri, Varmahlíð, riddarakross fyrir framlag til tónlistarlífs á landsbyggðinni.

Steinunn Briem Bjarnadóttir Vasulka listamaður, Bandaríkjunum, riddarakross fyrir frumkvæði og nýsköpun í myndlist.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og fyrrverandi formaður Sóknar, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu verkalýðshreyfingar og velferðar.

## II. Erlendir ríkisborgarar.

**3. mars 2015:**

Helmut K. Holz aðalræðismaður, Frankfurt, Þýskalandi, riddarakross.

**24. júlí 2015:**

Ute Löffler sendiráðsritari, Þýskalandi, riddarakross.

**9. ágúst 2015:**

Thomas Hermann Meister sendiherra, Þýskalandi, stórriddarakross með stjörnu.

**22. október 2015:**

Austin Mitchel, fyrrverandi þingmaður, Bretlandi, riddarakross fyrir stuðning við málstað og baráttu Íslendinga á tímum landhelgisdeilnanna og í kjölfar fjármálakreppunnar.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2016